



FRÍHÖFNIN TÍMARIT

HELICOPTER KOMIÐ
Í DUTYFREE FASHION
SUMARILMVÖTN OG ÓMISSANDI
SÓLARPÚÐRIÐ
LÉTT Á GRILLIÐ
Í BOÐI RIKKU
NÝ OG SPENNANDI
LEIKFÖNG

Júní 2012



Proderm er sænsk sólarvarnaruppfirning, langvirkandi og verndar húð barna og fullorðinna við erfiðustu aðstæður. Viðkvæm húð getur notið sólarinnar og náð fallegum sólbrúnum lit. Engin fituáferð og auðvelt að bera á.

Athuganir sýna að Proderm sem er í froðuformi er helmingi drýgra en krem. Meðmæli húðlækna.

Fyrir allar húðgerðir, börn og fullorðna.




TECHNOLOGY
PRODERM



**Njóttu þess
að vera í sólinni!**

„Ótrúlega góð sólvörn. Ég nota eingöngu Proderm og brenn ekki þó ég æfi tímunum saman í vatni og sterkri sól. Húðin verður mjúk og fallega sólbrún.“

Ragnheiður Ragnarsdóttir, sundkona

Án parabena, ilmeftna og litareftna.





STARFSMAÐN FRÍHAFNARINNAR

VELKOMIN

Fríhöfnin ehf. rekur **sex verslanir** í Flugstöð Leifs Eiríkssonar, fjórar fyrir brottfararfarþega, eina ætlaða skiptifarþegum frá löndum utan Schengen-svæðis og þá sjöttu fyrir komufarþega á 1. hæð. Helstu vöruflokkar Fríhafnarinnar eru áfengi, tóbak, sælgæti, snyrtivörur, leikföng og tískufatnaður.

Brottfararverslun sem er björt og glæsileg býður upp á gott vöruúrval fyrir ferðamenn á öllum aldri. Þar fást helstu alþjóðleg vörumerki sem eru þekkt og vinsæl um allan heim. Einnig hefur það færst í aukana að bjóða íslenskar vörur til sölu.

Í **Dutyfree Fashion** má finna þekkt vörumerki fyrir konur og karla á borð við Boss, Lloyd og Burberry. Þess má geta að Dutyfree Fashion er eina verslunin á Íslandi sem hefur á boðstólum fatnað frá Burberry. Nýlega bætist við flóruna Mulberry töskur sem eru



hágæða lúxustöskur. Íslensk hönnun er í forgrunni, merkin njóta sín enn betur en áður. Ný vörumerki bætast reglulega við, allir eiga að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Íslensku vörumerkin eru Farmers Market, KronKron, Spiral, Ella, Rey-Collection, Helicopter og Mýr Design. Ferðamenn sem hafa áhuga á að kanna og upplifa hið stórbrotna land sem Ísland er ættu ekki að láta Iceland Dutyfree fram hjá sér fara sem staðsett er í suðurhluta flugstöðvarinnar. Verslunin er eingöngu með íslenskar vörur; snyrtivörur, áfengi, sælgæti og



skrautlega fylgihluti. Verslunin er skemmtilega skreytt myndum af íslensku landslagi.

Last minute shopping byggist á því að bjóða viðskiptavinum það allra helsta, ef eitthvað hefur gleymst í aðal brottfararversluninni. Allra vinsælustu vörurnar sem eru á topp 10 sölulista eru fánlegar í þessari verslun.

Dutyfree utan Schengen er verslun fyrir farþega sem ferðast til landa utan Schengen-svæðis. Verslunin er hlýleg og er skreytt íslenskum landslagsmyndum. Boðið er upp á alþjóðleg vörumerki í áfengi, tóbaki, snyrtivörum og sælgæti. Einnig er skemmtilegt úrval af íslenskum vörum sem falla vel í kramið hjá erlendum ferðamönnum.

Komuverslun býður farþegum upp á frábæra þjónustu í rúmgóðri og bjartri verslun þar sem þeir geta notið

þess að kaupa tollfrjálsan varning við komuna til landsins. Komuverslun er til þess ætluð að spara óþarfa vesen hjá ferðamönnum, að bera innkaupapoka frá öðrum löndum með sér í flug. Ferðamenn geta notið ferðalagsins betur með því að kaupa inn þegar þeir eru lentir á Keflavíkurflugvelli á meðan þeir bíða eftir farangri sínum.

Victoria's Secret verslunin er eina verslunin á Íslandi og er staðsett í brottfararverslun. Sérstakt úrval af töskum er á boðstólum og fást þær eingöngu í flugstöðum. Victoria's Secret er Íslendingum að góðu kunn en fyrirtækið er leiðandi í smásölu á snyrtivörum og undirfatnaði fyrir konur. Viðskiptavinum býðst mikið úrval af vinsælustu vörum í Victoria's Secret Beauty vörulínunni. Þar verður einnig sérstakt úrval af leðurvörum, töskum, nærbuxum, bolum og öðrum hátísku fylgihlutum.

Alveg til fyrirmyndar

Ljóst er að vel þarf að ganga á öllum sviðum til þess að fyrirtæki geti verið útnefnt sem fyrirmyndarfyrirtæki eða stofnun. Þótt Fríhöfnin sé einkahlutafélag þá eru flestir starfsmenn hennar í stéttarfélagi ríkisstarfsmanna SFR. Á hverju ári velur SFR stofnun ársins og voru niðurstöður úr valinu kynntar 13.maí s.l. Könnun, sem niðurstöður útnefningarinnar byggist á, var gerð meðal félagsmanna SFR á starfsskilyrðum þeirra og líðan á vinnustað, og náði til um 44 þúsund starfsmanna á almennum og opinberum vinnumarkaði. Fríhöfnin varð í 4 sæti af 93, í flokknum stórar stofnanir, sem Stofnun ársins, en var jafnframt valin eitt af fyrirmyndarfyrirtækjum ársins. Þeir þættir sem mældir voru eru: ánægja í starfi, stolt, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleiki í starfi, sjálfstæði í starfi, ímynd fyrirtækisins og trúverðugleiki stjórnenda. Stjórnendur Fríhagnarinnar eru afar stoltir af samstarfsfólki sínu og þakka því fyrir frábær störf, sem eru öðrum hvatning og fyrirmynd.

Dutyfree Fashion

Það eru stöðugar breytingar í Dutyfree Fashion sem vert er að minnst á. Hið heimspekkta vörumerki Mulberry er nú fáanlegt í Dutyfree Fashion. Ekki er ólíklegt að Mulberry taska sé á óskalista margra kvenna, enda eru töskurnar



tímalausar og klassískar. Merkið er þekkt fyrir vandað handverk, en allar töskur fyrirtækisins eru handgerðar. Það sést vel á „stjörnunum“ úti í heimi hvort tiltekin merki séu heit eða ekki. Margar þekktar konur sjást reglulega með Mulberry töskur, s.s. Kate Moss, Duffy,



Emma Watson, Lindsay Lohan, Eva Longoria og Keira Knightley, svo einhverjar séu nefndar.

Í samstarf með Valitor og Reykjavík Runway

Dutyfree Fashion hóf nýverið samstarf við Valitor og Reykjavík Runway um markaðssetningu og sölu á fatnaði frá ungum íslenskum hönnuðum. Reykjavík Runway er fyrirtæki sem sér um markaðssetningu íslenskra hönnuða erlendis og Valitor er öflugur bakhjarl íslenskrar hönnunar. Það er því vel við hæfi að þessir þrír aðilar skuli standa saman að kynningu á íslenskum hönnuðum og vera öðrum til fyrirmyndar í þeim efnum þar sem Dutyfree Fashion er einn stærsti sýningargluggi landsins. Á síðustu tveimur árum hefur framboð á íslenskum fatnaði og hönnun tekið stakkaskiptum. Í dag bjóða 10 íslenskir hönnuðir fatnað, skó og fylgihluti í versluninni, en nýjasta merkið sem best hefur í flóruna er Helicopter. Umfjöllun um það merki má finna hér í tímaritinu, en miklar vonir eru bundnar við það, eins og önnur merki sem eru í versluninni.

Panta og sækja

Panta og sækja þjónustan hefur farið vel af stað og er ekki annað að heyra á ferðalöngum og fjölskyldum þeirra en þeir kunni vel að meta þá þjónustu sem í boði er. Viðskiptavinurinn fer inn á heimasíðuna, pantar vöru og velur hvort hann vilji sækja hana í brottfarar- eða komuverslun. Þetta hefur gert mörgum ferðalangnum með „miðann“ frá makanum lífið auðveldara, því nú þarf bara að sækja pokann og greiða.



Til fyrirmyndar í jafnréttismálum

Fríhöfnin hefur afar skýra stefnu í jafnréttismálum, þar sem konum og körlum er gert jafnhátt undir höfði og kynbundinn launamunur þekkist ekki meðal starfsmanna. Í tímaritinu er áhugavert viðtal við Einar Gunnarsson sem hefur starfað hjá Fríhöfninni frá árinu 1971. Einar minnst á gamla tíma, m.a. þá tíð þegar eingöngu karlmenn störfuðu hjá fyrirtækinu. Það er því vel við hæfi að rifja upp að fyrsta konan hóf störf hjá félaginu fyrir tæplega 40 árum, eða árið 1973. Hún hét Ásthildur S. Friðmundsdóttir Herman, kölluð Ásta.



Ásta ásamt eiginmanni sínum Irving Herman og börnum, tvíburunum Friðmundi og Sigrúnu.

Ásta fæddist í Keflavík, 30.október árið 1922. Hún giftist Irving Herman starfsmanni á Keflavíkurflugvelli árið 1948, og fluttust þau í kjölfarið til Bandaríkjanna. Hún var rétt rúmlega fimmtug þegar hún missti eiginmann sinn og ákvað þá að flytjast aftur heim til Íslands, þótt börnin hennar væru bæði búsett úti. Þegar heim var komið ákvað Ásta að sækja um starf hjá Fríhöfninni

og lét það ekki að aftra sér að fram til þessa höfðu eingöngu karlar starfað hjá fyrirtækinu. Ásta hafði mikinn áhuga á tísku og hafði dálæti á hönnuðum á borð við Christian Dior, Coco Chanel og Yves Saint Laurent. Það var því skoðun Ástu að það vantaði konu í verslunina sem kynni að meta slíka hluti. Ásta var ráðin til starfa, enda reynd heimskona, sem nam við Kvennaskólann á sínum

yngri árum.

Fríhöfnin hentaði henni afar vel því hún vildi vinna í fjölbreyttu starfsumhverfi og versla með fallega hluti. Hún var afar stolt af starfinu í „Iceland Dutyfree“ og hún dafnaði í því, enda var henni strax vel tekið af starfsbræðrum sínum. Ásta vann í Fríhöfninni út starfsævina, eins og sagt er, en hún lést þann 27. október árið 2006. Hún var brautryðjandi á sínu sviði og öðrum konum hvatning og fyrirmynd, enda fjölgaði konum hægt og bítandi með árunum í starfslíði Fríhafnarinnar. Í dag eru konur í meirihluta starfsmanna, og í fyrsta sinn í rúmlega hálfri aldar sögu félagsins gegnir kona starfi framkvæmdastjóra. Skemmtileg tilviljun að báðar skuli þær bera nafnið Ásta.

Sumarið er tíminn

Framundan er virkilega skemmtilegur tími í flugstöð, og þá sérstaklega í Fríhöfninni. Farþegum fjölga til muna og fara mörg þúsund manns í gegnum flugstöðina á degi hverjum. Þetta er annatími í verslunarrekstri, en jafnframt einn sá skemmtilegasti þar sem fjölbreytnin er í fyrirrúmi. Starfsmönnum fjölga svo um munar og nálgast 200 manns þetta sumarið. Það er afar jákvætt fyrir fyrirtækið og nærsamfélagið að svo margir skuli vilja starfa hjá Fríhöfninni, en færri komust að en vildu þetta árið.

Ég vil nota tækifærið og óska ykkur öllum gleðilegs sumars.



Fljótlegt og þægilegt

PANTA & SÆKJA

Þrjú einföld skref

1. Þú pantar vörur með minnst sólarhrings fyrirvara
2. Þú sækir vörurnar í brottfarar- eða komuverslun
3. Þú greiðir fyrir vörurnar þegar þú sækir þær

DUTYFREE.IS



Litríkt í sumar með Ralph Lauren

Fjórir heimar, **fjórir** litir, **fjögur** númer, **fjórir** ilmir
EN SAMT **Ein** hugmynd

The Big Pony Collection

FYRIR DÖMUNA



ÍÞRÓTTALEG

Íþróttaleg
Órugg
Sterk



NAUTNAFULL

Nautnafull
Lokkandi
Spontant



FRJÁLS

Geislandi
Villt
Sjálfstæð



NÝTÍSKULEG

Nýtískuleg
Djörf
Dýnamísk

FYRIR HERRANN



ÍÞRÓTTA GAURINN

Íþróttalegur
Ferskur
Ávaxtaríkur



HEILLANDI GAURINN

Kryddaður
Tælandi
Dökkt súkkulaði



ÆVINTÝRA GAURINN

Svalur
Útivera
Mynta



TÍSKU GAURINN

Flottur
Orkumikill
Mandarína

Estée Lauder

FAGNAR 30 ÁRA NÝSKÖPUN OG TÍMAMÓTA RANNSÓKNUM Á DNA

„Night Repair markaði tímamót. Það var fyrsta „Viðgerðar“ varan og ein mest elskaðasta snyrtivaran allra tíma. Við erum öll mjög stolt af því að hafa verið hluti af þessu.” - Leonard Lauder stjórnarformaður Estée Lauder fyrirtækjanna.

30 SKEMMTILEGAR STAÐREYNDIR UM ADVANCED NIGHT REPAIR (ANR)

“Litla Brúna Flaskan”

1. Estée Lauder var fyrsta snyrtivörfyrirtækið til að nota “litla brúna flösku” (“Little Brown Bottle”).
2. ANR flaskan var hönnuð til að líta út eins og gamaldags lyfjaflaska til að undirstrika alvarleika þessarar vöru.
3. Brúna flaskan hefur líka tilgang - liturinn hjálpar til við að vernda innihaldið fyrir ljósi.
4. Hin fræga “litla brúna flaska” með dropateljara er löngu orðin goðsögn. Hana er að finna í snyrtiveskjum kvenna um allan heim.

Hin eina sanna Night Repair formúla:

5. Fyrstu húðdroparnir sem fundnir voru upp.
6. Fyrsta snyrtivaran til að nota hýalúronsýru.



7. Fyrsta viðgerðarvaran: Næturvíðgerð sérstaklega þróuð árið 1982 í samræmi við lífræðilega starfsemi húðarinnar.
8. Upphaflega einkaleyfið var keypt á \$10.
9. Allt í samband við upphaflegu Night Repair formúlu var einstakt - áferðin, efnasamsetningin og tæknin. Og er ennþá þannig í dag.

Lauder fjölskyldan og módel Estée Lauder um fegrunarleyndarmál ANR

10. Helsta fegrunarleyndarmál Aerin Lauder er að nota ANR á andlit, háls og hendur.
11. ANR var ein uppáhalds vara Evelyn Lauder, hún notaði það á hverju kvöldi áður en hún bar á sig næturkrem.
12. Carolyn Murphy notar ANR til að róa og sefa húðina ásamt því að verja hana gegn kulda.
13. Elizabeth Hurley hefur notað ANR tvisvar á dag síðan hún varð andlit Estée Lauder fyrirtækisins.
14. Liu Wen hugsar um „töfra“ er hún ber á sig ANR og nýtur þess að það

haldi áfram að vinna á húð hennar þegar hún sefur.

15. Constance Jablonski notar alltaf ANR áður en hún fer að sofa, sérstaklega yfir vetrartímann.
16. Joan Smalls elskar ANR augnkremið, hún notar það bæði kvölds og morgna.
17. Hilary Rhoda notar ANR til að næra og gera við húð sína eftir álagið sem fylgir löngum ferðalögum og mikilli förðun fyrir myndatökur og tískusýningar.

Advanced Night Repair og Tom Pecheux förðunarmeistari Estée Lauder

18. Tom Pecheux elskar hvernig ANR „endurlífgar húðina“ og kallar það „kavíar fyrir húðina.“
19. Tom Pecheux elskar að nota ANR undir förðun til að yngja upp húðina og blanda einnig smá dropa saman við farðann til að fá fallegri og ljómandi áferð.
20. Tom Pecheux blandar gjarnan ANR saman við næringarkrem og nuddar inn í húð fyrirseta á tiskuvikum til að gefa húðinni fallegan blæ sem hún þarfnast við mikið álag.



Augnkremið kom á markað árið 2002

Advanced Night Repair verðlaun og einkaleyfi

21. Hin eftirsóttu ANR formúla er ein mest seldu og áhrifaríkasta húðvaran í sögu Estée Lauder fyrirtækisins.
22. ANR hefur hlotið yfir 70 alþjóðleg verðlaun.
23. Nýja ANR hefur yfir 20 einkaleyfi um allan heim.
24. Nýja ANR formúlan er svo byltingarkennd að einkaleyfið gildir til ársins 2021.

Advanced Night Repair salan

25. Það er alltaf einhver, einhversstaðar í heiminum að kaupa ANR.
26. ANR er númer 1 í húðdropum hjá Estée Lauder.
27. Á hverju ári seljast um það bil 4 milljónir ANR flöskur.
28. Á hverjum degi seljast um það bil 10.559 ANR flöskur.
29. Á hverri klukkustund seljast um það bil 441 ANR flöskur.
30. Á hverri mínútu seljast 7 ANR flöskur.

Uppgötvaðu leyndarmál fegurðarinnar

Það er fátt sem jafnast á við það þegar silki snertir húð þína. Mjúkt, létt og með glansandi áferð vekur það upp sömu tilfinningar og snerting eða kærleiksríkur koss frá þeim sem maður elskar. Það er einmitt ástæðan fyrir því að silki hefur notið svo mikillar hylli í gegnum tíðina sem hið unaðslegasta af öllum efnum, iðulega kallað „húð nr. 2“.



Grunnurinn að japönsku hágæðasnyrtivörum frá SENSALÉ (Kanebo) byggir á þessari óumdeildu tengingu á milli silkis og húðar. Vörur fyrirtækisins hafa frá upphafi verið hannaðar með það að markmiði að laða fram mestu hugsanlegu fegurð. Grundvallarviðhorf SENSALÉ er að endanlegur árangur notkunar á vörum fyrirtækisins eigi að skila sér í óaðfinnanlegri, silkimjúkri áferð húðarinnar.

Þessi hugmyndafræði á rætur sínar að rekja allt aftur til þess er forsvarsmenn fyrirtækisins tóku sérstaklega eftir því hvað húðin á höndum kvennanna, sem voru að vinna við silkivefnað, var áferðarfalleg og laus við allan þurrk þrátt fyrir að vinnumhverfið væri oft og tíðum fremur nóturlegt. Þeir hugsuðu því sem svo að ákveðnir eiginleikar silkisins hlytu að hafa þessi sérstöku áhrif að geta gætt húðina bæði fegurð og mýkt.

Spurningin var þá hvernig mögulegt væri að nýta þessa merkilegu uppgötvun á sviði snyrtivöruframleiðslu. Hjá SENSALÉ trúðu menn því statt og stöðugt að það væri hægt og hófu því leit að besta fáanlega silkinu. Það skyldi hafa háglansandi áferð því þeir voru sannfærðir um að slíkt silki myndi

skila langbesta árangrinum við notkun snyrtivaranna. Leitin leiddi menn á slóðir Koishimaru-silkisins sem þekkt var sem „hinn dýrmætasti fjársjóður“. Upphaflega var það eingöngu notað í klæði japönsku keisarafjölskyldunnar og annarra háttsettra aðila, enda var þetta undursamlega silki stundum nefnt „hið konunglega silki“.

Að loknum umfangsmiklum rannsóknum í húðsjúkdómafræði og prófanir á mörgum tegundum silkis lék engin vafi á því að Koishimaru-silkið bjó yfir ákjósanlegustu eiginleikum til að geta aukið framleiðslu á fjölsykrusýru (hyaluronic acid) í húðinni, náttúrulegu efni sem bindur vatn og er því afar mikilvægt fyrir heilbrigði húðarinnar, mýkt hennar og rakabúskap. Með því að veita húðinni fullnægjandi raka utan frá og örva jafnframt framleiðslu á fjölsykrusýru eykst rakamagn húðarinnar og við það verður endurnýjunarhæfni húðfrumnanna eins og best verður á kosið. Ímyndið ykkur óþrjótandi uppsprettu nærandi og auðgandi vatns sem er staðsett í neðstu lögum húðarinnar og veitir henni þannig stöðugt nægjanlegan raka, hið eftirsóttta jafnvægi og heilbrigði. Hjá SENSALÉ kalla menn þetta „hið óþrjótandi haf rakans“.

Þetta „óþrjótandi haf“ er hið magnaða leyndarmál sem Koishimaru-silkið býr yfir og án þessa leyndarmáls væri engin vara til sem kemur í veg fyrir ótímabær öldrun húðarinnar.

Vertu tilbúin að uppgötva hið fullkomna fyrir húðina þína.



Blómleg og rómantísk sumarilmvötn



ANGEL AQUA CHIC

Sumar, sól og gleði. Ilmurinn passar frábærlega inn í ANGEL fjölskylduna. Keimur af bleikum piparkornum og Calabrian sítrónukjarna sem blandast við patchouli vanillu. Útkoman- mjúkur og frískur sumarilmur.



DKNY SUMMER

Frísklegur sumarilmur sem fangar orku stórborgarinnar með nútímalegum og heillandi ilmi. Frísklegar klementínur og tælandi white musk.



ETERNITY SUMMER

Ferskur blómlegur ávaxtailmur. Rómantískur og friðsæll. Tákn ástarinnar, sem byrjar hér og endar aldrei.



NOA SUMMER EDITION

Fágaður sólarilmur, fínlegur eins og létt gola. Ferskur, glitrandi og lítríkur. Tangerína, epli, sítróna og kóriander.



VIKTOR & ROLF FLOWERBOMB

Glitrandi ferskur, léttari útgáfa af Flowerbomb Edp. Ljúffengur, ferskur og svalur sumarilmur.



COOL WATER PURE PACIFIC

Upplifðu ferskleika kyrrhafsins með blómlegum ávaxtailmi. Hér er mynta, laufblöð og ananas uppistaðan.



ARMANI CODE SUMMER

Birtan af sólinni á suður Ítalíu, ferskleiki loftsins í Miðjarðarhafinu. Léttari og ferskari útgáfa af Armani Code. Vanilla, appelsínublóm og peruís.



TOMMY GIRL SUMMER

Suðrænn sumarilmur sem inniheldur frískandi kókoshnetuvatn, grænt guava og rauð ber.

Sólarpúður ómissandi í sumar

Sólarpúður má nota eitt og sér eða yfir farða. Það gefur fullkominn ljómandi sólarlit.

Sólarpúður getur gefið mjög mismunandi áferð á húðina eftir því hvernig það er notað. Hægt er að setja létt yfir allt andlitið til að gefa heilbrigðan útitekinn blæ á húðina. Muna eftir hálsi og bringu. Einnig hægt að nota það sem kinnalit. Þá er best að brosa og setja sólarpúðrið á epli kinnanna til að fá „roða“ í kinnar. Það er líka hægt að nota púðrið til að skyggja andlitið. Þá er sólarpúðrið sett á enni upp við hárrót, hliðar á nefi, undir kinnbein, á höku og undir hökuna.

GUERLAIN Terracotta Light Bronzing Powder



Terracotta Light er fullkomið sólarpúðar sem gefur hraustlegt og náttúrulegt útlit. Mosaic púðrið er samsett úr fimm litum, meðal annars er örlítið af bleiku og appelsínugulu, til að draga fram náttúrulega litatóna húðarinnar. Terracotta færir sumarljóminn inn í líf hvernar konu og það geislar af henni samstundis. **TERRACOTTA** kom fyrst á markað árið 1984 og hefur allar götur síðan verið eitt vinsælasta sólarpúður á markaðnum. Haft er eftir Guerlain að eitt Terracotta púður seljist á 25 sekúnda fresti í heiminum.



LANCÔME Star Bronzer

Endingargott sólarpúður.

Tvær tegundir í boði;

Intense

- Fullkominn ljómandi sólarlitur.

Mineral Mat

- Náttúrulega mattur sólarlitur.

SENSAI Bronzing Gel

Þetta er gelið sem allir tala um! Litað gel, gefur raka, vernd, hraustlegt útlit og ljóma. Gelið er 70% vatn og gefur ótrúlega frísklega áferð. Það sveipar húðina bronsleitum lit og silkimýkt. Allir ættu að prófa, líka karlar!



CLINIQUE True Bronze Pressed Powder Bronzer

Clinique sólarpúðrið er ómissandi fyrir sumarið og gefur húðinni frísklegt útlit.



LANCÔME Star Bronzer Brush

Glitrandi sólarpúður í bursta. Mjög þægilegt í notkun og hentugt í veskið.



SENSAI Designing Duo Bronzing Powder

Einstaka gyllta Kanebo perlu púðrið og korn af 24k gulli vinna hér saman. Útkoman er náttúrulegur og fullkominn ljómi. Hentar vel að nota yfir Bronzing gelið, það setur punktinn yfir i-ið.



Nýtt

BIOThERM Purefect Skin

Hreinsigel, andlitsvatn og rakagefandi gel. Fullkominn hreinleiki. Fyrir allan aldur og allar húðgerðir.

Þreföld virkni:

Eyðir glans

Eyðir húðlýtum

Lokar svitaholum



Myndband með Clarins Gloss Prodiges

CLARINS Gloss Prodiges

Einstaklega fallett gloss með miklum glans og sterkum lit. Nærir varirnar, mýkir og gefur fyllingu. Kemur í 8 litum.



ESTÉE LAUDER Day Wear BB Anti-Oxidant

Marghliða krem sem gefur raka, ljóma, ver húðina og fullkomnar hana. Allt í einu og sama kreminu til að fá fallett og heilbrigt útlit.



VÍSINDALEG
FRAMÞRÓUN

Extra-Firming Day

Stinnari húð þökk sé Clarins

Rannsóknir Clarins hafa leitt í ljós það sem til þarf til þess að viðhalda stinnri húð.

Nýja Extra-Firming dagkremið er eina kremið frá Clarins sem er stútfyllt af þykkni úr jurtum sem byggja upp og styrkja þéttleika húðarinnar.*

Andlitsshúðin verður stinnari og hrukkur minna sjáanlegar. Haltu yfirbragði húðarinnar stinnu. Minnkaðu línur. Sjáðu af hverju eitt er selt á 8 sekúndna fresti í heiminum.**

Clarins er frumkvöðull til árangurs og í 1. sæti þegar kemur að lúxushúðsnyrtivörum á Evrópumarkaði.***

*Ex vivo próf. **Samkvæmt sölutölum, allra vara í Extra Firming línunni. ***Heimild: European Forecasts.



CLARINS

Green Tea - Þrjár tegundir

Green Tea Honey Drops frá Elizabeth Arden hefur verið geysilega vinsælt í mörg ár í Fríhöfninni. Nú hafa fleiri ilmir bæst í hópinn það eru Cherry Blossom og Lavender.



Green Tea Honey Drops



Green Tea Spray

Þessi sígildi, ferski og líflegi. Green Tea er ilmurinn sem gefur líkamanum orku, skynfærunum spennu og vekur upp hugann.



Green Tea Lavender Honey Drops



Green Tea Lavender Spray

Ferskur, afslappaður og áhyggjulaus. Lokaðu augunum, hér ertu á friðsælum stað með óendanlega bjartsýni, þar sem fjólublái ilmur lofnarblómsins vekur hugann þinn og lyftir skilningarvitinu á hærra plan.



Green Tea Cherry Blossom Honey Drops



Green Tea Cherry Blossom Spray

Himneskur, ferskur og kvenlegur. Green Tea Cherry Blossom er himneskur ilmur sem gefur frá sér glitrandi kvenleika

Afslappað umhverfi

Flest erum við stöðugt á hlaupum. Erum að hugsa um hvað við eigum eftir að gera eða hefðum átt að gera. Oft getur verið erfitt að ná sér niður og slaka á. Þegar ferðalag er framundan erum við oft búnar að vinna eins og brjálaðingar áður en kemur að því og jafnvel undirbúa okkur á síðustu stundu. Þá getur verið gott að byrja ferðina heima með því að ákveða að láta ekkert raska ró þinni, setjast niður í þægilega stellingu með ilmandi kaffibolla, opna fartölvuna og slá inn vefslóðina www.dutyfree.is. Þú getur byrjað á að spara þér tímann og panta vörur af vörulistanum á netinu. Notið þess enn meira í flugstöðinni. Kannski væri sniðugt að panta barnaleikföng ef börn eru með. Og koma ástinni á óvart með nýju bindi, skyrtu eða ilmvatni.



Fyrir flestum markar innritunarsalurinn upphaf ferðalagsins og spenningur er í lofti. Kannski er röðin löng að innritunarborðinu. Dragðu bara djúpt andann og ímyndaðu þér að nýtt upphaf sé á næsta leiti. Einhvers konar núllstilling - því lífið er núna. Sjáðu fyrir þér hversu gott það verður að setjast niður á eftir og fá þér eitthvað gott að borða eða drekka. Gott er líka að nýta þennan tíma í að merkja töskurnar í rólegheitum. Röðin stýttist og áður en þú veist ertu komin/n að innritunarborðinu. Þú stingur svo flugmiðanum og vegabréfinu á vísan stað í handfarangur. Mundu að þú þarft að sýna brottfararspjald við innkaupin í Fríhöfninni.

Vinaleg vopnaleit

Þá er það vopnaleitin. Á leiðinni í þann sal má sjá leiðbeiningar á stóru skilti sem flýta fyrir og fyrirbyggja óþægindi. Gott er að fara eftir því og setja yfirhafnir, belti, síma og fartölvu í bakka. Það flýtir líka fyrir og þú færð aukna öryggstilfinningu því þú hefur meira vald á aðstæðum. Ef þér finnst þú berskjölduð/-skjaldaður við þessar aðstæður gætirðu ímyndað þér að þú sért að afhenda sundalaugarverði verðmæti þín. Þú gætir jafnvel flissað innra með þér yfir ósamstæðu sokkunum sem annar farþegi fór óvart í í einhverjum hamangangi. Gott er að muna að vopnaleitin gengur fyrst og fremst út á öryggi þitt sem farþega og verðirnir eru ósköp vinalegir.

Eftir vopnaleitina geturðu notið dásamlegu frelsistilfinningarinnar við að koma þaðan og inn á fríhafnarsvæðið.



Andað létt, labbað af stað létt/ur á fæti og raulað á vörum þér dægurlag um frelsi. Fljótlega sérðu Dutyfree Fashion og getur þar skoðað frábæran og litríkan fatnað frá íslenskum hönnuðum eins og Kron Kron, Rey, Ellu og Farmers Market og einnig erlendum eins og Boss og Burberry. Skammt undan er Fríhafnarverslunin sem hefur að geyma



allan uppáhalds varninginn þar sem hver getur fundið eitthvað við sitt hæfi. Njóttu þess að skoða þig um. Það eru alltaf einhver tilboð í gangi og þú getur gert góð kaup. Allt frá nytsamlegri vöru fyrir ferðina til einhvers sem þú hefur lengi ætlað að leyfa þér. Sælgæti, snyrtivörur, sokkabuxur, ilmvötn, áfengir drykkir og sóláburður eru aðeins hluti af úrvalinu.

Þægindi í fyrirrúmi

Í hinni nýju glæsilegu verslun Victoria's Secret, sem staðsett er rétt við áfengisdeildina, eru meðal annars töskur, veski og snyrtibuddur sem einungis eru seld í fríhöfnum. Einnig getur þú valið þér eitthvað fallegt eða fyrir elskuna þína. Svo er í Fríhöfninni apótek ef ske kynni að þú hafir gleymt verkja- eða bólgueyðandi töflunum heima. Einhvern vegin allt til alls. Við afgreiðslukassana er síðan gott að muna eftir að láta kalla eftir pöntuninni þinni frá því um morguninn. Hún er afhent þér ásamt strimli og þú borgar fyrir allt á sama stað. Mjög þægilegt.

Úr Fríhöfninni finnur þú þér borð í kaffiteríunni eða á barnum. Þú pantar þér uppáhaldsdrykkinn þinn og brosir af ánægju því núna er stundin þín. Bros færir þér gleði og gleðihormón hjálpa okkur að slaka á, njóta og þiggja. Ef þú ert ein/n á ferð geturðu hugsað með þér að nú sértu á stefnumóti með sjálfri/um þér. Þú átt það skilið.

Góða ferð og njóttu!

VICTORIA'S SECRET

BEAUTY & ACCESSORIES



TRAVEL ADAPTOR WITH CASE

Alþjóðlegt ferðamillistykki. Lítið og nett í fallegu hulstri og það fer ekkert fyrir því. Algjört „must“ í ferðalagið. Væntanlegt í ágúst.



BOMBSHELL SUMMER EDITION

Bombshell Summer er fullkomna blanda af Bombshell með fersku ávaxta ívafi sem segir bara sumar. Hin fullkomni sumarilmur.



WHEELIE DUFFLE

Flott öðruvísi ferðataska með nýju flottu mynstri sem kallar Victoria's Secret. Mjög auðveld að þekkja á töskubandinu.



NYLON COSMETICS CASES

Victorias Secret Nylon snyrtibuddur í 3 stærðum og 2 nýjum flottum litum. Nylon buddurnar hafa verið einstaklega vinsælar þar sem það er mjög auðvelt að þrifa þær og eru mjög hentugar.



SIGNATURE COSMETIC CASES

Vandaðar flottar vatnsheldar Victoria's Secret Signature Collection snyrtibuddur í öllum stærðum og gerðum í nýjum litum og nýjasta Victoria's Secret munstrinu. Allir ættu að geta fundið sér snyrtibuddu við hæfi. Væntanlegar í ágúst.



VERY SEXY TOUCH EDP

Freistandi og nautnafullur ilmur. Safarík pera, aprikósa og sítrus. Keimur af vanillu, magnolíu og kókos.



PYTHON LEATHER PASSPORT COVERS

Vegabréfahulstur úr leðri sem er einstaklega smart og hlýfir vegabréfinu á ferðalaginu. Er til í ýmsum litum.

True Viking er íslenskur rakspíri og herrailmur. Ilmurinn er í sérstökum umbúðum sem svipar til drykkjarhorns víkinga. Varan var hönnuð af Hallvarði Aspelund sem einnig valdi ilminn. Bæði ilmurinn og hönnun umbúðanna hafa vakið mikla athygli. True Viking fæst eingöngu í úðaformi. Ilmurinn er óvenjulega samsettur og býr yfir miklum krafti. Hann er blandaður sítrónu, -krydd- og viðarkeim sem undirstrikar karlmannlega eiginleika mannsins. True Viking er karlmannlegur ilmur sem á afar vel við sanna og hugrakka karlmenn með mikla ævintýraþrá. True Viking er fánlegur í Fríhöfninni í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.



FYRIR ÞÁ SEM ÞORA



Seiðandi sumarilmvötn fyrir hann



ARMANI CODE SUMMER

Birtan af sólinni á suður Ítalíu, ferskleiki loftins í Miðjarðarhafinu. Léttari og ferskari útgáfa af Armani Code.



ETERNITY SUMMER

Ferskur, rómantískur, friðsæll og léttur eikarilmur. Tákn ástarinnar, það sem byrjar hér og endar aldrei.




EMPORIO DIAMONDS SUMMER

Ferskt eins og að stinga sér í tæran sjó. Ferskari og léttari útgáfa af Armani Diamonds. Ísköld sítróna, fersk mynta og sedrus viður.



COOL WATER PURE PACIFIC

Upplifðu ferskleika kyrrahafsins. Ferskur, arómatískur ilmur sem afhjúpar karlmennskuna með sítrusneistanum.



Á Jamaíka... Ný ilmötn frá Puma



Puma Yellow fyrir dömuna



Puma Green fyrir herrann

Sumardagur á Jamaíka, orkuríkir litir og jákvætt hugarástand er innblásturinn fyrir nýju Puma sportlínuna. Ferskir, líflegir og upplífandi ilmir hannaðir til að umlykja þig sólskini og gleði hvar sem þú ert, hvenær sem er.

BED HEAD



TIGI HÁRVÖRUR GERÐAR AF HÁRFAGMÖNNUM FYRIR ÞIG

SÖLUSTADIR: WWW.TIGI.IS

Íslenskar snyrtivörur

VILLIMEY



Vöðva og liða Galdur

Góður við vöðvabólgu, beinhimnubólgu, liðverkjum og sinaskeiðabólgu.



Unga Galdur

Góður fyrir viðkvæma húð ungabarna.



Húð Galdur

Góður við útbrotum, kláða og þurri húð.

PURITY HERBS



Viking Balm

Sóttthreinsandi og græðandi. Gott á fótasvepp, munnangur, varapurrk og sár á hestum.



Augnkrem

Augnkrem sem nærir, styrkir og þéttir. Dregur úr þrota og hægir á öldrun.



Fire of Love

Inniheldur kryddaðar austurlenskar kynörvandi kornkjarnaolíur og sítrusa.

EGF

SÓLEY ORGANICS



GLÓey

Andlitsskrúbb með piparmyntu og villtum íslenskum jurtum.



mjúk

Rakagefandi líkamsskrúbbur með villtum íslenskum jurtum.



GRÆÐIR

Lífrænt vottað allra handa græðissmyrsl.



EGF dagkrem

Létt og þægilegt dagkrem, þróað til að nota með EGF húðdropunum. Kremið veitir nauðsynlegan raka og næringu yfir daginn.



EGF húðdropar

Droparnir henta fyrir andlit, augnsvæði og háls og geta komið í stað hefðbundinna næturkrema. Best er að bera 2-4 dropa á hreina húð fyrir nóttina.



EGF húðnæring

Rakagefandi næring fyrir líkamann sem styrkir, mýkir, nærir og gefur húðinni fallegan ljóma.


helicōpter

Hönnuðurinn Helga Lilja Magnúsdóttir hefur hannað undir heitinu Helicopter frá árinu 2006 en ný fatalína frá henni er nú komin í verslun Dutyfree Fashion.

Hönnun Helgu Lilju er falleg og þægileg. Sú lína sem nú fæst í versluninni flokkast undir það sem á ensku kallast „high street“. Það er hægt að klæðast flestum flíkunum í línunni bæði hversdags og við finni tækifæri þannig að þær hafa mikið notagildi.



RED LIGHT DISTRICT DRESS



ACE OF CLUBS DRESS



LOOK DON'T TOUCH DRESS

Sumar í Dutyfree Fashion




Ella Sky Comfort kjóll með líningu.



Boss Derame kjóll og F4314 Peysa.



KronKron Saint Bibi kjóll.



Boss Girelly kjóll.



Boss Denie kjóll, Janise leðurjakk, slæða.



Boss Egilda blússa, Ladia gallajakk.



Spiral Rúna toppur og buxnaleggings.



Mýr Denim jakki, bleikt pils, Rose toppur og krúttveski.

Boss handa honum

Boss TheSmith
hörjakki, Firenze
bolur, Orange24
Berlin gallabuxur
Egor belti.



Boss Kardakin
peysa, Toast
bolur, Orange Love
gallabuxur, Jarom
leðurbelti.



Boss Jadon sportjakki, Paddy
bolur, Orange 37 gallabuxur,
Jarom leðurbelti.



Boss Jeremy-W leðurjakki,
CielobuE skyrtu , Orange63
gallabuxur ,Keelo sportskór.



Boss Woo sportpeysa,
Firenze bolur, Orange25
gallabuxur.

RALPH LAUREN

THE BIG PONY FRAGRANCE COLLECTION

For Women



A collection of 4 Fragrances to express today's
multifaceted femininity.



1 SPORTY
FRESH



2 FRUITY
SENSUAL



3 RADIANT
FLORAL



4 DELICIOUS
ORIENTAL

Létt á Grillið Í boði Rikku



SÆT CHILISÓSA

1 DÓS SÝRÐUR RJÓMI
3 MSK SWEET CHILI SAUCE
½ LÍTIL AGÚRKA, SNEIDD Í BITA
HRÆRIÐ SAMAN OG KÆLIÐ ÞAR
TIL SÓSAN ER BORIN FRAM.



hvítvínið

Gyllt með sítrus,
apríkósu, fersku og
hunangsilm. Mikið,
mjúkt og gott
bragð en á sama
tíma mjög ferskt.
Vanillutónar,
suðrænir ávextir
með mjúkri
eik. Langt og
gott eftirbragð.
Frábært matarvín.

TERIYAKI BLEIKJA MEÐ SÆTRI CHILISÓSU OG FETA-NAAN

800 G BLEIKJUFLÖK
250 ML TERIYAKI SÓSA
2 TSK ENGIFER, RIFIÐ
2 HVÍTLAUKSRIF, PRESSUÐ
1 RAUTT CHILI-ALDIN,
FRÆHREINSað OG SAXAÐ
½-1 FERSKT SÍTRÓNUGRAS, SAXAÐ
HANDFYLLI KÓRÍANDER, SAXAÐ
1 MSK SESAMFRÆ

Setjið bleikjuflök í
glæran plastpoka,
hellið teriyaki sósunni
ofan í pokann
ásamt engiferinu,
hvítlauknum,
chili-aldini og
sítrónugrasinu. Lokið
fyrir pokann og látið
standa í 40 mínútur.
Setjið hvert flak
fyrir sig á álpappír,
snúið roðið niður.

Hellið 1-2 msk af
maríneringunni yfir.
Lokið álpappírnum,
gætið þess að hann
sé ekki þétt upp
við flakið. Grillið
bleikjuna með
roðhliðina niður í 7
mínútur á heitu grilli.
Opnið álpappírinn,
stráið kóríander og
sesamfræum yfir og
berið fram.

FETA-NAAN

6 LÍTIL NAANBRAUÐ
1 KRUKKA FETAOSTUR MEÐ
HVÍTLAUK OG KÓRÍANDER



Búið til einskonar
mót úr álpappírnum
og raðið

naanbrauðinu
ofan á. Hellið
olíunni af
fetaostinum og
dreifið ostinum
yfir naanbrauðið.
Leggið álpappír
létt ofan á og
grillið í 5 mínútur
eða þar til osturinn
hefur bráðnað.

CHILI SÚKKULAÐI CRÉME BRULÉE FYRIR 6

5 DL RJÓMI
6 EGGJARAUDUR
100 G SYKUR
1 VANILLUSTÖNG
100 G DÖKKT SÚKKULAÐI
¼ TSK CHILI DUFT

Hellið rjómanum í pott.
Skerið vanillustöngina
í tvennt, hreinsið fræin
úr henni og bætið út í
rjómann. Saxið stöngina
niður í minni bita og
bætið úti. Hitið rjómann
að suðu, lækkið þá hitann
og látið malla mjög rólega
í fimm mínútur.
Þeytið eggjaraudurnar
saman við sykurlinn þar til
blandan er orðin ljós og
létt

Þegar rjóminn er búinn
að malla í fimm mínútur
hækkið hitann aftur
upp að suðu. Takið
pottinn af hellunni og
bætið súkkulaðinu og
chili-duftinu saman við,
hrærið þar til súkkulaðið
hefur bráðnað. Hellið
rjómaþöndunni saman
við eggjaþönduna. Þískið
vel saman í smá stund.
Síið vanillustangirnar frá
og hellið í lítil mót, fyllið
mótin ekki alveg.
Setjið mótin í fat og hellið

heitu
vatni í,
þannig
að það
nái upp að hálfu mótinu.
Setjið í 150°C heitan ofn
og bakið
í 40-50
mínútur.
Kælið og
geymið í ísskáp
í a.m.k. 3-4
klst.
Stráið smá
sykri yfir mótin
og bræðið,
annað hvort
með litlu



eldhúslogsuðutæki eða
með því að setja undir
grillið í ofninum. Ekki
brenna sykurlinn of mikið.
Hann á að bráðna til að
mynda harða sykurskán
en ekki meir. Setjið mótin
aftur í kæli og látið standa
í amk. 2-3 klst. Gott að
taka mótin úr ísskápnum
um klst. áður en þau eru
borin fram.

sætvínið

Sætur, ferskur sítrustónn,
hunangs-karamellu
bragð og eftirbragð af
þurrkuðum ávöxtum
og hnetum. Frábært
eftirréttarvín.

Ertu á leið í golfferð?
Golfboltar og hanskar fást hjá okkur



NIKE POWER DISTANCE SOFT
GOLFBOLTAR



TITLEIST PRO V1
GOLFBOLTAR



FOOTJOY WEATHERSOFT
GOLFHANSKAR



NIKE DURA FEEL HANSKAR
DOMU OG HERRA



PINNACLE GOLD LADY
GOLFBOLTAR

Þetta er Kaleikur, ekki glas.

Stella Artois byggir á ríkri brugghefð sem nær aftur til ársins 1366. Ótrúlegur tærleiki og gæði bjórsins kallaði á sérhannað glas og var **Kaleikurinn** sérstaklega hannaður árið 1926. Hann er einstakur og styður við gæði **Stella Artois** sem kröfuharðir neytendur velja. Þröngt opið skapar þéttari froðu sem við köllum höfuðið. Hringlaga botn kaleiksins gerir það að verkum að bjórinn hvíflast í glasinu sem kallar fram rétt bragð. Fóturinn veitir stað til að halda á **Kaleiknum** og við það helst bjórinn kaldari mun lengur.

Þú gætir eignast **Kaleikinn**

Fylgdu okkur á Facebook 



BOLI

STERKUR KAREKTER MED AUKINNI
MÝKT OG FYLLINGU



Boli er vísun í griðung íslenska skjaldarmerkisins sem á rætur sínar að rekja í Heimskringlu Snorra Sturlusonar. Þar segir frá því þegar Haraldur konungur sendi galdramann í hvalslíki til Íslands að leita uppgöngu en landvættirnir snérust til varnar.



Boli flokkast sem Märzen/Octoberfest að þýskri fyrirmynd. Bragðið er þétt og maltsæta áberandi en humlabeiskja einnig nokkuð skýr, sérstaklega í eftirbragði. Íslenskt bygg er notað að hluta ásamt malkorni sem gefur bjórnum góða fyllingu og meiri froðuheldni.



Boli er þróaður af þeim metnaði sem hefur verið aðalsmerki Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar í bráðum heila öld. Framleiðsluferlið er lengra, bjórinn er tvímeskjaður og gerjun hægari, auk þess sem íslenskt bygg er notað.

Allt þetta skilar sér í sterkum karakter, aukinni mýkt og meiri fyllingu.

Viðtal við Einar Gunnarsson

STARFSMAÐN

FRÍHAFNARINNAR

Starfsaldur starfsmanna í Fríhöfninni er mjög hár og ýmsir sem hafa frá mörgu skemmtilegu að segja. Einar Gunnarsson er einn þeirra, en hann hefur starfað hjá Fríhöfninni í rúm 41 ár. Einar man tímanna tvenna og deilir því hér með lesendum.

Það var afdrifaríkur dagur að ganga út úr besta slökkviliði Nato á Keflavíkurflugvelli árið 1971 og fara að vinna í Fríhöfninni. Þá var nú allt mjög smátt í sniðum og allar vörur afgreiddar yfir borð og innréttingar dökkar og þungar. Allur gjaldeyrir var í sérstökum kommóðuskúffum og þá gátu viðskiptavinir borgað hluta af því sem þeir keyptu í íslenskum krónum og restina í gjaldeyri, Fríhöfnin var jú til að skapa þjóðinni dýrmætan gjaldeyri því



hér lentu allar flugvélar sem fóru yfir norður Atlantshafið og höfðu ekki flugþol alla leið til Evrópu eða Ameríku.

Í þá daga var selt áfengi, sælgæti, postulín,

ilmvötn, skartgripir og armbandsúr allt í sömu versluninni, það voru eingöngu karlar sem unnu við þetta en konur störfuðu á skrifstofunni. Svo breyttist þetta hægt og hljótt og í dag er hlutfallið 70% konur og 30% karlar því það eru jú þær sem versla og verslanirnar stíla svolítið inn á það.

Ég er svo heppinn að hafa unnið með frábæru starfsfólki enda fær maður oft kossa og knús frá fyrrverandi samstarfsfélögum sem eru á ferð og flugi. Hér áður fyrr voru þetta oftast námsfólk úr Reykjavík sem kom eins og farfuglar á vorin til að vinna við sumarafleysingar en í dag eru breyttir tímar, flestir eru héðan af svæðinu og fólk er sótt heim að dyrum til að mæta í vinnu og keyrt heim eftir vinnu. Það eru forréttindi sem líta ber til í dag. Komuverslunin var opnuð í 40 fermetra svæði á sínum tíma, verslunin var mjög þröng og lítil en einhversstaðar varð að byrja. Þar var allt afgreitt yfir borð og engin strikamerki, allt stimplað inni reiknivél og heildarverð svo fært inn í afgreiðslukassann. Svo kom bjórinn með Davíð Shcheving og enn jókst salan og



þá þurfti meira rými, í kjölfarið hætti þá afgreiðslan yfir borðið og tekin var upp sjálfafgreiðsla, fyrst í komuverslun og að hluta til í brottför. Fríhöfnin var fyrsta verslunin á landinu til að taka upp strikamerki til að stimpla vörur inn í afgreiðslukassana, það voru miklar breytingar í gömlu flugstöðinni.

Það er gaman að segja frá því að enn er verið að selja sum vöruerki sem voru vinsæl í þá daga svo það er fleira en bara starfsfólk sem endist vel í Fríhöfninni. Svo eru íslensku vörurnar frábær viðbót og eins það nýjasta „Victoria´s Secret“ verslunin svo það eru enn miklar breytingar hjá okkur.

Til að læra að selja vörur fórum við í bréfaskóla sem var til húsa í Grænás. Þar sem Fríhöfnin leigði íbúð fyrir utanbæjar starfsfólk sem var á vakt og gisti þar í fjóra daga og fór svo í fjögurra daga frí á milli. Í dag förum við í Fríhafnarskóla með frábærum kennurum og samstilltu samstarfsfólki og höfum mikið gott og gaman af og engin er íbúðin. Ég hef eignast marga kunningja og vini sem eiga leið um Fríhöfnina, hitti þá

reglulega þegar þeir fara í gegn. Það spyrja margir hvort þetta sé ekki góður vinnustaður því fólk finnur hvað það er tekið vel á móti því og hvað Fríhöfnin er notaleg og umhverfið allt, sér í lagi starfsfólk, allir brosandi og geisla af ánægju.

Það er svolítið skýtið þegar maður lítur yfir farinn veg og veltir fyrir sér öllum þeim breytingum sem orðið hafa í samfélaginu og flugstöðinni. Þá sést hvað maður er í góðri vinnu og er búinn að vera með frábæra stjórnendur sem kappkosta að láta þér líða vel í vinnunni, en það er ekki síst þess vegna sem maður hefur náð löngum starfsaldri þó það hafi orðið hnökur en það er eins og í góðu hjónabandi, það styrkir sambandið og vinnuna.

Ef einhvern langar að vinna á góðum og líflegum vinnustað, með frábæru fólki þar sem enginn dagur er eins þá skal sá hinn sami sækja um vinnu í Fríhöfninni því varla er til fjölbreyttari vinnustaður.

Súkkulaði fyrir sælkerann



MILKA CRISPELLO POUCH
360g 36 stökkir súkkulaðibitar með krem fyllingu.



DAIM BARS POUCH
420g 15 daim stangir 28g hver.



TWIST FUN BOX
400g Skemmtikassi með 11 mismunandi súkkulaði- og karamellumolum.



CADBURY TRAVEL MIX
350g 6 tegundir af ferðamolum.



ANTHON BERG SWEET MOMENTS
caramel eða nougat
409g 3 tegundir af molum í hvorri túpu.



FAZER STRAWBERRY & VANILLA
235g Það nýjasta frá Fazer. Alvöru mjólkursúkkulaði með stökkum jarðaberjabitum.



FAZER GEISHA HARMONY
145g Geisha Harmony er rétta súkkulaðið ef uppfylla á sjálfsdekur, nautn og dagdrauma.



CADBURY DAIRY MILK CHUNK BOX
265g 26 bitar af hinu sívinsæla Cadbury mjólkursúkkulaði.



GODIVA LES TENTATIONS DU CHEF
270g Súkkulaðimeistari Godiva Thierry Muret sérvaldi molana í þennan kassa sem fæst í takmörkuðu upplagi.

Nýtt góðgæti handa börnunum



M&M VEKJARAKLUKKA

Alvöru gamals dags vekjaraklukkan.
Súkkulaði eða hnetu



MENTOS MINI BAG

20 litlar mentos rúllur.



MALACO TREASURY BOX

Skemmtilegt sælgæti fyrir alla litla sjóræningja.



SPIDERMAN SURPRISE BAG

Þessi poki kemur skemmtilega á óvart. Föndur, litir, sælgæti og leikföng.



SMARTIES SHREK

Shrek elskar Smarties eins og þú. 5 smarties túpur og shrek leikfang fylgir.



FAZER ANGRY BIRDS

2 hlauppokar og lyklakippa fylgir. Safnaðu öllum lyklakippunum.



FAZER ANGRY BIRDS SWEETS

Frábært úrval af leikföngum fyrir allan aldur

Afpreying fyrir börnin um borð.
Skemmtilegt föndur sem ýtir undir sköpunargleðina.



**PROJECT RUNWAY
FASHION DESIGN**
Listamannasett



**PROJECT RUNWAY
MAKE-UP & HAIR DESIGN**
Listamannasett



HOT WHEELS
Lita- og föndurbók



HOT WHEELS
Lita- og föndurbók



UGLYDOLL

Í fyrsta sinn eru Uglydoll fáanlegar í Fríhöfninni. Dúkkurnar eru litríkar og frábrugðnar því sem Íslendingar eru vanir í útliti á dúkkum. Hver dúkka heitir furðulegu nafni og hefur sinn eiginleika og skemmtilega sögu að segja. En allar eiga þær það sameiginlegt að vilja knús frá vinum sínum.



MOSHI MONSTER
Kubbar



**SPIDERMAN
TECHNOBOT**



LATIBÆR
Körfubolti og karfa

Fótbolta sumar

Fótboltavörur fyrir áhugafólk um knattspyrnu.



PLAYMOBIL
Fótboltavöllur



PLAYMOBIL
Fótboltadómari



PLAYMOBIL
Fótbolta shoot out



PLAYMOBIL
Leikmaður Spánar



**NIKE STRIKE
PREMIER LEAGUE**
Fótolti



NIKE JR. GRIP
Markmannshanskar



NIKE STRIKER II
Bakkpoki



NIKE YOUTH TIEMPO SHIELD
Legghlífar

Sumarið er komið og ungir sem aldnir knattspyrnumenn og konur byrjaðir að sparka á grænum grösum. Evrópumótið í sumar og íslenska knattspyrnan byrjuð á fullum krafti. Framtíðar knattspyrnu stjórnurnar fá fótboltavörur í Fríhöfninni.

Hello Kitty í ferðalagið

Við bjóðum upp á fjölbreytt úrval af Hello Kitty vörum bæði fyrir ferðalagið og sem skemmtilega gjöf.

leikföng



TRÉLITIR OG HULSTUR

STIMPILSETT



MINNISBÓK

RITFÖNG

BRÚSI MEÐ RÖRI



NESTISBOX

PENINGAVESKI



TASKA Á HJÓLUM

PENNAVESKI



LÁTTU FARA VEL UM ÞIG



HÖFUÐPÚÐI



EYRNATAPPAR



AUGNHLÍF



FÓTSKEMILL



MILLISTYKKI
EVROPA - USA



HÁTALARA HULSTUR



TRAVEL ACCESSORIES



VALITOR

Lausnir á landsmæði

DUTYFREE FASHION

KEFLAVÍK INTERNATIONAL AIRPORT

Together we make things happen



Smelltu **hér** til að skrá þig
á póstlistann okkar

